

## A 1906/UVU

Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar um  
**Þingmannatillaga um lögreglu- og tollsamstarf****Tillaga**

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna á Norðurlöndum

að efla norrænt lögreglu- og tollsamstarf

að mótuð verði sameiginleg stefna til að draga úr smygli með vöruflutningum

**Bakgrunnsupplýsingar**

Þrátt fyrir að norrænu löndin séu oft ofarlega á blaði yfir þau lönd þar sem lífsgæði og félagslegt jafnrétti er mest er tíðni dauðsfalla sem tengjast neyslu fíkniefna með því hæsta sem gerist í Evrópu. Á Norðurlöndum fjölga fíkniefnatengdum dauðsföllum m.a. í Svíþjóð, Finnlandi og á Íslandi.

Og fíkniefnum fylgir ofbeldi.

Margt ungt fólk fellur í skotárásum í Svíþjóð. Aðgengi að vopnum hefur aukist og í umferð eru vopn sem annaðhvort hefur verið smyglað til landsins eða hafa verið sett saman úr hlutum sem fluttir hafa verið inn. Mörg þeirra vopna sem notuð eru í skotárásum og glæpastarfsemi eru upprunnin á vesturhluta Balkanskagans og er smyglað til Svíþjóðar, meðal annars í gegnum Danmörku.

Auk vinnu lögreglunnar innanlands og í alþjóðlegu samhengi til að stemma stigu við fíkniefnavandanum gegnir tollurinn mikilvægu hlutverki í að koma í veg fyrir flæði fíkniefna og vopna.

Á árinu 2020 lagði tollgæslan í Svíþjóð hald á mikið magn bæði fíkniefna og skotvopna. Til að mynda var hald lagt á fimmfalt meira af kókaíni og þrefalt meira af kannabisefnum en árið 2019. Þá var lagt hald á tvöfalt fleiri skotvopn en árið 2019. Að sögn Tullverket má rekja aukninguna árið 2020 að hluta til fjölgunar starfsfólks og að hluta til þess að minna var um ferðalög í faraldrinum og því gat starfsfólk haft aukið eftirlit með vöruflutningum.



Staðreyndin er sú að fíkniefnum er smyglað til Norðurlanda með viðkomu í Svíþjóð. Rannsókn sænska glæpavarnaráðsins BRÅ (Brottsförebyggande rådet) leiddi í ljós að ný mynstur í skipulagðri glæpastarfsemi hafa einfaldað sambandið á milli sænskra fíkniefnasala og -innflytjenda og erlendra aðila. Stærri sendingum er smyglað til landsins með vöruflutningum í gegnum lögleg fyrirtæki.

Í Danmörku var stöðug aukning á magni haldlagðra fíkniefna fram til ársins 2019 en nokkuð dró úr því árið 2020. Það á einnig við um Danmörku að fíkniefnum er smyglað til Norðurlanda í gegnum hana. Í Noregi fækkaði haldlagningum en norska tollgæslan hefur orðið vör við aukningu á smygli í gegnum vöruflutninga.

Markmið Norðurlandaráðs er að fækka stjórnsýsluhindrunum og landamæratálmunum en hvað fíkniefnum og vopnum viðvíkur væri norrænt notagildi fólgið í hinu gagnstæða. Frjáls för er mikils virði en þegar kemur að smygli á fíkniefnum og vopnum sem kosta mannslíf bera norrænu löndin ábyrgð sem verður að taka tillit til.

### **Sjónarmið nefndarinnar**

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum að þær auki norrænt samstarf á sviði lögreglu- og tollamála og móti sameiginlega stefnu til að stemma stigu við smygli með vöruflutningum.

Ástæðan fyrir tillögunni er að fíkniefnatengd dauðsföll á Norðurlöndum eru með því mesta í Evrópu og enn fremur að í flestum norrænu löndunum megi sjá fjölgun fíkniefnatengdra dauðsfalla.

Auk vinnu lögreglunnar við að vinna á fíkniefnavandanum innanlands og utan- gegnir tollurinn mikilvægu hlutverki við að koma í veg fyrir flæði fíkniefna og vopna. Meðan faraldurinn geisaði og tollurinn gat einbeitt sér að vöruflutningum jókst haldlagning fíkniefna og vopna samhliða því að fíkniefnatengdum dauðsföllum á Norðurlöndum fjölgaði. Af því má draga þá ályktun að flæði fíkniefna og vopna til Norðurlanda hafi aukist þrátt fyrir fleiri haldlagningar.

Yrði norrænt samstarf á sviði lögreglu- og tollamála aukið og sett sameiginleg stefna, sem þjónaði bæði þeim tilgangi að stemma stigu við fíkniefna- og vopnasmygli og annars konar ólögum flutningi milli landa eins og smygli á fólki eða hundum, gæfi það tækifæri til að ná niður fjölda fíkniefnatengdra dauðsfalla.

Svalbarða, 27. júlí 2023

*Kjell-Arne Ottosson (KD)*  
*Erling Bonnesen (V)*  
*Mikael Lindholm (ÁC)*  
*Lean Milo (M)*  
*Stein Erik Lauvås (A)*  
*Karianne B. Bråthen (A)*

*Malin Larsson (S)*  
*Ann-Sofie Alm (M)*  
*Lars Püß (M)*  
*Liv Kari Eskeland (H)*  
*Erling Eidesgaard (T)*  
*Orri Páll Jóhannsson (VG)*



*Kim Aas (S)*

*Silje Hjemdal (FrP)*